



# **Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

## **Skólaskýrsla skólaárið 2020-2021**

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**  
**Vor 2021**

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	4
2.	Tölulegar upplýsingar .....	4
3.	Fundir, fyrirlestrar og námskeið .....	5
4.	Gjafir og styrkir .....	5
5.	Fjölbreytt skólastarf.....	6
5.1.	Nemendur í listnámi .....	6
5.2.	Afreksípróttalína.....	6
5.3.	Valfög fyrir grunnskólanemendur .....	6
5.4.	Erlend samskipti veturinn 2020 - 2021.....	7
5.5.	Starfsþróun í skólanum.....	8
5.6.	Ferðalög nemenda og kennara.....	8
5.7.	Gróðursetning útskriftarnema .....	9
5.8.	Covid-19.....	9
6.	Ýmsar upptakur .....	10
6.1.	Kynningarfundur.....	10
6.2.	Opið hús - námskynning .....	10
6.3.	Þemadagar.....	11
6.4.	Starfshlaup.....	11
6.5.	Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda .....	11
7.	Skýrsla matsnefndar .....	12
7.1.	Inngangur.....	12
7.1.1.	Verkefni Matsnefndar á haustönn 2020.....	12
7.1.2.	Verkefni Matsnefndar á vorönn 2021.....	12
8.	Skýrsla námsstjóra.....	13
8.1.	Fundir á skólaárinu .....	13
8.1.1.	Styrkir og gjafir .....	13
8.1.2.	Vettvangsferðir og heimsóknir .....	14
8.1.3.	Helstu innkaup á kennslubúnaði .....	14
8.2.	Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað.....	15
8.3.	Námstjórar.....	52
9.	Skýrsla bókasafns.....	53

9.1. Um safnið .....	53
9.2. Skólaárið 2020-2021.....	53
9.3. Aðföng og safnkostur .....	53
9.4. Útlán .....	54
10. Skýrsla námsráðgjafa.....	55
10.1. Inngangur .....	55
10.2. Verkaskipting námsráðgjafa .....	55
10.3. Viðtöl .....	56
10.4. Námsstuðningur .....	57
10.5. Fornám .....	58
10.6. Starfsbraut.....	58
10.7. Foreldrasamstarf .....	58
10.8. Námskeið og fagfundir .....	59
10.9. Fundir innan FS.....	59
10.10. Skólaheimsóknir .....	59
10.11. Námskynningar.....	59
10.12. Töflubreytingar og fleiri störf .....	59
10.13. Skólastarf á tímum Covid-19 .....	59
10.14. Aðrir samstarfsaðilar .....	60
11. Skýrsla forvarnafulltrúa .....	61
12. Skýrsla félagslífsfulltrúa .....	63
13. Skýrsla sálfræðinga.....	65
13.1. Inngangur .....	65
13.2. Skipulag þjónustu .....	66
13.3. Lykiltölur.....	66

## 1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2020-2021. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar uppakomur í skólastarfinu. Í skýrslunni eru einnig samantektarskýrslur matsnefndar, námstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, sálfræðings, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

## 2. Tölulegar upplýsingar

### Haust 2020

Skólastarf hófst 17. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Nýnemadagurinn var þó með breyttu sniði út af Covid og var hópnum þrískipt og var hver hópur í 2 klst. Hefðbundin kennsla hófst síðan 24. ágúst en upphaflega átti kennslan að hefjast fimmtudaginn 20. ágúst en þessir aukadagar voru nýttir til að skipuleggja skólastarfið upp á nýtt vegna Covid. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 1005 en auk þess stunduðu rúmlega 120 nemendur úr 9. og 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 95 auk 8 stundakennara. Verktakafyrirtæki sá síðan um ræstingu.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf haustannar en það voru þau Ásta Svanhvít Sindradóttir, Björgvin Friðriksson, Bryndís Garðarsdóttir, Dóra Dögg Kristófersdóttir, Lilja Dögg Friðriksdóttir, Guðmundur Ingi Jónsson, Hildur Skúladóttir og Þorsteinn I. Hjálmarsson. Guðlaug Sunna Gunnarsdóttir og Guðbjörg Kristín Jónatansdóttir sneru aftur eftir leyfi. Þeir Jón Gunnar Schram og Ívar Valbergsson voru í orlofi, Guðmann Kristþórsson í leyfi og Sumarrós Sigurðardóttir og Jórunn Tómasdóttir voru í veikindaleyfi á önninni.

### Vor 2021

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluaafhendingu. Fyrstu kennsludagarnir þrír 6., 7. og 8. janúar voru með hefðbundnu sniði þar sem allir nemendur voru í staðkennslu. Eftir þessa þrjá daga fór hluti bóknámsáfanga í fjarnám og hluti í blandað kerfi, til skiptis staðnám og fjarnámi, en flestir áfangar í skólanum voru þó áfram í staðkennslu. Þetta skipulag var (við líði) þar til 22. febrúar þegar allir áfangar fóru í staðkennslu. Um 900 nemendur voru í dagskóla, um 20 nemendur stunduðu nám í seinni parts námi (hárgreiðsla og rafvirkjun) en auk þess stunduðu tæplega 90 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Fastir starfsmenn skólans voru 92 á önninni, 67 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 6 stundakennarar og 19 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Breytingar á starfsliði skólans milli anna voru engar en á miðri önn bættust þrír nýir starfsmenn við, þau Hjörtur Guðbjartsson, kerfisstjóri, Hrefna Höskuldsdóttir, skjalastjóri og Bjarklind Sigurðardóttir, verkefnastjóri Menntanets.

### **3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið**

Kennarar höfðu val um að fara á sumarnámskeið sem var haldið í húsakynnum skólans þann 14. ágúst, en það fjallaði um samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahóp. Steinunn Anna Sigurjónsdóttir sálfræðingur á Litlu Kvíðameðferðarstöðinni hélt fyrirlestur um kvíða hjá unglingum föstudaginn 2. október á sal skólans. Amalía Björnsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hélt rafrænt erindi um fjarkennslu og námsmat á tímum Covid-19 þann 6. nóvember. Anna Kristín Halldórsdóttir, kennsluráðgjafi hélt rafrænt erindi um praktísk atriði varðandi upplýsingatækni í kennslu sem bar heitið „Ný önn – ný tækifæri“ þann 11. janúar. Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, hélt rafrænt erindi um loftlagsmál þann 1. febrúar. Súsanna Margrét Gestdóttir hélt rafrænt erindi um rannsókn sem var gerð um áhrif COVID 19 á starf framhaldskólakennara og vangaveltur um hvert stefnir í kjölfar farsóttar þann 23. apríl. Súsanna Margrét Gestsdóttir frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands hélt einnig námskeið þann 18. maí sem fjallaði um starfstengda leiðsögn kennara. Anna Kristín Sigurðardóttir var með erindi um lærdómssamfélagið miðvikudaginn 26. maí og að lokum hélt Valdimar Þór Svavarsson erindi um virðingu á vinnustað.

### **4. Gjafir og styrkir**

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem fer fram innan hans.

Á haustönn fengu allir nýnemar í rafiðnadeild skólans spjaldtölvur að gjöf frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Þessi gjöf er liður í átaki þessara samtaka en þar fá allir nemendur í rafiðngreinum á landinu spjaldtölvur að gjöf. Forsaga málsins er að í nokkur ár hefur verið starfrækt vefsíðan rafbók.is en þar er að finna margvíslegt námsefni fyrir rafiðnaðarnema. Þessi síða hefur verið endurgjaldslaus fyrir nemendur og þar með sparað þeim kostnað við bókakaup. Það er von gefenda að spjaldtölvurnar ýti enn frekar undir notkun á síðunni og nemendur hafi þannig enn betri aðgang og gagn af henni.

Frá Johan Rönning fékk rafiðnaðardeild skólans tvö sólúr og funk bus stýringu fyrir gardínur. Við þökkum kærlega fyrir.

## **5. Fjölbreytt skólastarf**

Í skólanum er öflugt skólastarf og ætlum við tæpa á því helsta

### **5.1. Nemendur í listnámi**

Nemendur í fata- og textíleild skólans saumuðu þriggja laga sóttvarnagrímur sem voru seldar og rann ágóðinn óskiptur til Velferðarsjóðs Suðurnesja. Það var Þórunn Þórisdóttir rekstrarstjóri Keflavíkurkirkju sem veitti styrknum viðtöku en hann var 55.000 kr.

Barna- og ungmennahátíð fór fram í Duushúsum Reykjanesbæ í maí. Útskriftarnemar á listnámsbraut í FS tóku þátt og var sýning á verkum þeirra er í bíósalnum. Verkin á sýningunni voru mjög fjölbreytt og sýndu hvað nemendur höfðu verið að skapa í námi sínu.

### **5.2. Afreksíþróttalína**

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Covid markaði töluvert starfið á afreksbrautinni, sérstaklega varðandi heimsóknir fyrirlesara sem voru frekar fáir. Sigurður Ragnar Eyjólfsson knattspyrnuþjálfari/íþróttasálfræðingur var með fyrirlestur og verkefnavinnu í markmiðasetningu. Helgi Rafn Guðmundsson var með æfingarúllutíma og fyrirlestur þar sem hann tók fyrir sjónmyndabjálfun, öndun og slökun. Ásthildur Margrét Gísladóttir sem starfar sem sálfræðingur hjá Betri svefn var með Zoom fyrirlesturinn „Betri svefn, grunnstoð heilsu“.

Á haustönn 2020 voru 37 nemendur í knattspyrnu og 18 nemendur í körfuknattleik. Á vorönn 2021 voru 28 nemendur í knattspyrnu og 12 nemendur í körfuknattleik.

### **5.3. Valfög fyrir grunnskólanemendur**

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Valfögin standa bæði 9. og 10. bekkjum til boða. Áfanganir sem nemendum stóð til boða að taka voru enska, stærðfræði, textíll og hár, rafmagn, húsasmíði og forritun. Einnig var boðið upp á spænsku og þýsku en því miður þá náðist ekki í hóp í þeim greinum.

#### 5.4. Erlend samskipti veturinn 2020 - 2021

Vegna heimsfaraldur Covid þurfti að aflýsa nokkrum heimsóknum sem fyrirhugaðar voru veturinn 2020-2021. Þó átti ýmis vinna sér stað og einu verkefni lauk á árinu.

Í sumar lauk verkefni sem skólinn hefur tekið þátt í á vegum Erasmus+-áætlunarinnar. Verkefninu var stýrt frá Ungverjalandi en aðrir samstarfsskólar eru í Lettlandi, Póllandi, Ítalíu og Spáni. Verkefnið heitir National Prides in an European Context og gengur út á að kynna fyrir nemendum menningararfleið ólíkra landa í Evrópu með það að markmiði að auka vísýni, þekkingu og læsi á umhverfinu innan og utan landssteinanna. Verkefnið hófst haustið 2018 og hafa nemendur og kennarar heimsótt Spán, Lettland, Pólland og Ítalíu. Til stóð að ljúka verkefninu vorið 2020 með ferð til Ungverjlands með nemendum og kennarafundi á Sikiley á Ítalíu en ekkert varð af því vegna heimsfaraldurs Covid 19 og fékk verkefnið frest til að ljúka vinnu til ágúst 2021. Vorið 2021 þegar ljóst var orðið að ekki myndi takast að klára verkefnið með ferðalagi nemenda var haldinn þriggja daga netfundur með nemendum og kennurum allra landanna þar sem menningararfleið Ungverjlands var kynnt. Fimm nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja tóku þátt ásamt nokkrum kennurum. Í júlí var ákveðið að halda kennarafund á Sikiley til þess að vinna í lokaskýrslu. Kennararnir Harpa Kristín Einarsdóttir, Anna Karlsdóttir Taylor og Kristjana Hrönn Árnadóttir fóru á fundinn fyrir hönd skólans.

Skólinn fékk styrk úr Erasmus+ í flokknum nám og þjálfun fyrir verkefnið Út fyrir landsteinanna-Tækifæri í Evrópu að upphæð 2,5 milljónir króna til þess að stuðla að auknum tækifærum erlendis kennara og nemendur í iðn og verkgreinum. Þá var einnig samþykkt umsókn sem skólinn sendi inn í samstarfsverkefnaflokk Erasmus+ með skólum frá Ungverjalandi, Spáni og Finnlandi. Verkefnið hófst vorið 2021 með kennarafundi í gegn um fjarfundabúnað og mun vinna halda áfram veturinn 2021-2022.

Tveir kennarar, Kristjana Hrönn Árnadóttir og Simon Cramer Larsen fengu styrk úr Samstarfssjóði um endurmenntun kennara til þess að sækja ráðstefnu á Balí sumarið 2021 en ekkert varð af því vegna heimsfaraldurs, þau munu þess í stað fara á ráðstefnu í Skotlandi í október 2021.

Umsókn samstarfsskóla okkar í Tékklandi í EEA grants var samþykkt vorið 2021 og munu kennarar úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja heimsækja skólann í nóvember 2021 og fá heimsókn á vorönn 2022. Skólinn í Tékklandi kennir hjúkrunargreinar og nýtir CLIL aðferðafræðina við kennslu, þ.e. að kenna námsgreinar á erlendu tungumáli (ensku) og kenna því bæði námsgrein og tungumál á sama tíma.

Veturinn 2021-2022 var einnig nýttur til vinnu við umsóknir um fleiri verkefni sem eru á döfinni og beðið er niðurstöðu um úthlutun vegna þeirra.

Harpa Kristín Einarsdóttir, verkefnastjóri með erlendum samskiptum, tók saman.

## 5.5. Starfsþróun í skólanum

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur tekið þátt í þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun frá árinu 2018. Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda stendur að verkefninu. Stoðkerfi við starfsþróun merkir í raun fyrirkomulag eða skipulag sem styður við starfsþróun og er í þessu þróunarverkefni m.a. verið að prófa leið að stuðningi háskóla við starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Kennarar þurfa góðar aðstæður og möguleika til stöðugar og fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar. Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið starfandi hópur starfsmanna sem vinnur að þróunarverkefnum, hittist sá hópur einu sinni í mánuði og ber saman bækur sínar. Þessir fundir eru hugsaðir sem jafningjastuðningur þar sem starfsmenn geta fengið ráð og leiðsögn í sínum verkefnum. Ráðgjafi frá HÍ hefur svo mætt á fundina, verið starfsmönnum og verkefnastjóra innan handar og gefið ráð. Meðfram þessu eru möguleikar starfsmanna til starfsþróunar kortlagðir innan skólans og nýjar leiðir prófaðar sem hópurinn hefur tekið þátt í að prófa. Má þar nefna lestur og umræður greina sem tengjast starfinu og heimsóknir í kennslustundir. Markmiðið með þessu er að þróa starfsþróunarmodel sem gæti mögulega nýst öðrum skólum. Það voru sex kennarar sem unnu að verkefninu til enda ásamt verkefnastjóra.

Ákveðið var að vinna áfram í þessum anda og þróa verkefnið frekar. Sótt var um styrk frá Sprotasjóði til að fara í vinnu til að styrkja lærdómssamfélag skólans. Fékkst sá styrkur og verður á skólaárinu unnið með uppbyggingu lærdómssamfélagsins innan skólans. Nýir kennarar fá leiðsögn, unnið verður með framtíðarsýn og gildi skólans og starfsþróunarahópurinn mun halda áfram.

## 5.6. Ferðalög nemenda og kennara

Þó alltaf sé mikið um að vera í skólanum fer hluti kennslu fram utan veggja hans enda fara nemendur reglulega í vettvangsferðir og heimsóknir þótt minna hafi verið af því vegna COVID-ástandsins.

Nemendur á 5. önn í húsasmíði og kennari þeirra fóru í skoðunarferð í Duus hús og Fischer hús. Þar tók á móti þeim Helgi V. V. Biering safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar og fræddi um sögu húsanna og þá endurbyggingu sem þar hefur farið fram. Sérstaklega skemmtilegt fannst nemendum að sjá inn í Fisher hús þar sem ekki er byrjað á lagfæringum innanhúss og sáu þar upprunalegar klæðningar, búðarinnréttingar og bindingsverk hússins. Höfðu allir mjög gaman af þessari ferð og lærðu mikið.

Sjúkraliðanemar heimsóttu Brunavarnir Suðurnesja til að kynna störfum þeirra. Þar tók á móti þeim Jóhanna Jóhannesdóttir sjúkraflutningamaður sem er líka sjúkraliði frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja.



Nemendur í jarðfræði fengu nasapefinn af alvöru vísindastarfi en þeir fylgdust með gosinu í Geldingadal úr fjarlægð. Þeir söfnuðu gjósku í nokkrar vikur og skoðuðu undir smásjá. Að auki sendu nemendur valin sýni til Reykjavíkur þar sem þau voru efnagreind hjá Jarðvísindastofnun. Nemendur fundu agnarsmáa gjósku í sýnunum sínum en efnagreining staðfesti að þessi agnarsmáu korn komu frá gosinu í Geldingadal.

### **5.7. Gróðursetning útskriftarnema**

Miðvikudaginn 19. maí gekk vaskur hópur útskriftarnema ásamt nokkrum kennurum skólans upp í "Trúðaskóg" og gróðursetti nokkrar trjáplöntur. Það er skemmtileg hefð sem hefur myndast að útskriftarefni skólans gróðursetji trjáplöntur, að vori þeir sem útskrifast af vorönn en í byrjun haustannar þeir sem útskrifast í desember. Ekki var gróðursett að hausti að þessu sinni.

### **5.8. Covid-19**

Covid hafði veruleg áhrif á skólastarfið þessa önnina. Sóttvarnareglur breyttust margoft á önninni og þurfti skólinn að bregðast við því eins og allir í þjóðfélaginu. Grímuskylda var tekin upp seinni hlutann í september. Skólinn reyndi að halda úti staðkennslu eins og hægt var og þá aðallega fyrir nemendur sem voru í hálfgerðu bekkjarkerfi t.d. nemendur í verk- og starfsnámi, listnámi, starfsbraut og fornámi því þar var minni hættu á blöndun nemenda. Að vera í skóla og þurfa að vera með grímur allan daginn var heilmikið mál, bæði fyrir kennara og nemendur. Hefðbundið bóknám fór síðan að stærstum hluta í fjarkennslu á önninni en stundataflan var með óbreyttu sniði þótt kennarar og nemendur væru ekki í samskiptum í raunheimum heldur einungis í gegnum netið. Skólinn bauð nemendum upp á námsver í skólanum en þar fengu nemendur úthlutað borði sérstaklega merkt þeim og fartölvu. Ekki voru margir sem nýttu sér þessa þjónustu en þó alltaf nokkrir.

Á vorönn fór hluti bóknámsáfangar í fjarnám og hluti í blandað kerfi, til skiptis staðnám og fjarnámi, en flestir áfangar í skólanum voru þó áfram í staðkennslu. Þetta skipulag var (við líði) þar til 22. febrúar þegar allir áfangar fóru í staðkennslu. Við höfum getað haldið úti staðkennslu alla önnina eftir þetta, en þó kom smá bakslagi í kringum páskana þegar öllum skólum (nema leikskólum) var skellt í lás í nokkra daga.

Útskrift að haustönn fór fram með fjórskiptum hætti þar sem nemendur komu inn í fjórum hollum og tóku við útskriftarskírteini. Á vorönninni fór þetta fram með hefðbundnari hætti en í báðum tilfellum var útskriftinni streymt út í beinni útsendingu vegna samkomutakmarkana og engir gestir voru leyfðir.

## 6. Ýmsar uppákomur

### 6.1. Kynningarfundur

Þriðjudaginn 1. september var árlegur kynningarfundur fyrir foreldra nýnema. Var hann haldin með öðru sniði en venjulega vegna samkomutakmarkana. Var fundinum streymt í gegnum Zoom. Þar voru kynnt helstu atriði skólastarfsins, s.s. Inna og heimasíða. Var svo spurningum svarað í gegnum.

### 6.2. Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 2. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er áttunda árið í röð sem slík kynning er haldin. Mikill fjöldi mætti á kynninguna og er þetta einn mesti fjöldi sem hefur mætt á slíka kynningu til þessa.



**Frá kynningu fyrir grunnskólanemendur á vorönn.**

### 6.3. Þemadagar

Þemadagar féllu niður vegna Covid 19

### 6.4. Starfshlaup

Ekkert starfshlaup var haldið vegna Covid-19

### 6.5. Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda

Því miður þá féll dimmisio á haustönn og skemmtikvöld niður á haustönn og vorönn vegna Covid-19.

Ákveðið var á vorönn að halda dimmsjó en þó með breyttu sniði. Þann 19. maí var nemendum boðið í dögurð. Síðan sýndu nemendur myndband og lokum var verðlaunaafhending en þar fékk útskriftarhópurinn langþráð tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Voru verðlaunin í formi grímu með forskeytinu Fröken og Herra. Klæddu nemendur sig upp í kúrekabúninga.



## **7. Skýrsla matsnefndar**

### **7.1. Inngangur**

Á haustönn 2020 voru fjórir kennarar í matsnefnd, þau Ása Einarsdóttir, Haukur Ægisson og Garðar Garðarsson og Harpa Kristín Einarsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur.

Starfið litaðist nokkuð af Covid ástandinu og var því lítið um mat á þessu skólaári. Var ekki gert kennslumat á haustönn en á vorönn var gert kennslumat hjá þeim kennurum sem eingöngu kenndu í staðnámi þá önn. Á vorönninni hjálpaði matsnefndin við að fá svörun á stórrí Covid rannsókn með því að ganga í stofur og fá þátttöku nemanda.

#### **7.1.1. Verkefni matsnefndar á haustönn 2020**

1. Könnun var gerð á upplifun kennara á fjarkennslu

#### **7.1.2. Verkefni matsnefndar á vorönn 2021**

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum var metin hjá 14 kennurum
2. Gerð var könnun um áhrif COVID-19 faraldursins á framhaldskólanemendur. Þetta er hluti af stærri rannsókn en ekki er búið að birta niðurstöður.

Helstu niðurstöður úr rannsókn á upplifun kennara á fjarkennslu á haustönn eru þær að kennurum fannst þeir hafa góðar aðstæður til að sinna fjarkennslunni, bæði í skólanum og heima. Kennarar notaðu aðallega INNU og tölvupóst við fjarkennsluna. Meirihluti kennara fannst það vera meira vinnuálag í fjarkennslunni miðað við staðkennslu og kennarar fengu helst aðstoð hjá samkennurum til að aðstoða sig við fjarkennsluna.

## **8. Skýrsla námstjóra**

### **8.1. Fundir á skólaárinu**

Fundartímar voru tveir á viku, þ.e. á mánudögum kl. 15:10-16:10 og á föstudögum 13:00-14:00. Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir, samráðsfundir, fagfundir, faggreinafundir, námsfundir og örnámskeið.

#### **Haustönn 2020**

Kennarar höfðu val um að fara á sumarnámskeið sem var haldið í húsakynnum skólans þann 14. ágúst, en það fjallaði um samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahóp. Steinunn Anna Sigurjónsdóttir sálfræðingur á Litlu Kviðameðferðarstöðinni hélt fyrirlestur um kvíða hjá unglungum föstudaginn 2. október á sal skólans. Amalía Björnsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hélt rafrænt erindi um fjarkennslu og námsmat á tímum Covid-19 þann 6. nóvember.

#### **Vorönn 2021**

Anna Kristín Halldórsdóttir, kennsluráðgjafi hélt rafrænt erindi um praktísk atriði varðandi upplýsingatækni í kennslu sem bar heitið „Ný önn – ný tækifæri“ þann 11. janúar. Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, hélt rafrænt erindi um loftlagsmál þann 1. febrúar. Súsanna Margrét Gestdóttir hélt rafrænt erindi um rannsókn sem var gerð um áhrif COVID 19 á starf framhaldskólakennara og vangaveltur um hvert stefnir í kjölfar farsóttar þann 23. apríl. Súsanna Margrét Gestsdóttir frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands hélt einnig námskeið þann 18. maí sem fjallaði um starfstengda leiðsögn kennara. Anna Kristín Sigurðardóttir var með erindi um lærdómssamfélag miðvikudaginn 26. maí. Fimmtudaginn 27. maí hélt Valdimar Þór Svavarsson erindi um virðingu á vinnustað.

Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir samráðsfundir og námsfundir.

#### **8.1.1. Styrkir og gjafir**

Rafiðnaðardeildin fékk góðar gjafir. Rönning gaf tvö sólúr og funk bus stýringu fyrir gardínur. Rafholt gaf tæki og tól til kynningar á ljósleiðarakerfi.



### 8.1.2. Vettvangsferðir og heimsóknir

- Nemendur í stjórn málafræði heimsóttu stjórn málamenn og tóku viðtöl.
- Nemendur í háriðnaðarbraut fóru í vettvangsferð til Reykjavíkur í hinar ýmsu heildsölur og fengu kynningu á því nýjasta sem er að koma í hárvörum.
- Nemendur listnámsbrautar sem unnu að lokaverkefni voru með sýningu í Duus-húsum en sýningin er liður í Listahátíð barna sem var á vegum Reykjanesbæjar.
- Sjúkraliðanemar heimsóttu starfsmenn sjúkraflutninga hjá Brunavörnum Suðurnesja til þess að kynna störfum þeirra.
- Nemendur á 5. önn í húsasmíði og kennari þeirra fóru í skoðunarferð í Duus-hús og Fischer-hús. Þar tók á mótum þeim Helgi V.V. Biering safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar og fræddi um sögu húsanna og þá enduruppbyggingu sem þar hefur farið fram. Nemendur á starfsbraut fóru í heimsókn í Vinnuástofnun, Dóssasel, á Bessastaði og í Fly Over Iceland.

### 8.1.3. Helstu innkaup á kennslubúnaði

- Keyptar voru nýjar spjaldtölvur fyrir starfsbraut.
- Ein saumavél var keypt fyrir textíldéild.
- Ný uppbyggð vél keypt í heimilisfræðistofu
- Önnur innkaup teljast til hefðbundins viðhalds.



## 8.2. Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað

Erlend tungumál		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Einar Trausti Óskarsson	SPÆN1SO05 SPÆN1TJ05 SPÆN1SS05	SPÆN1SO05 SPÆN1TJ05
Guðmundur Ingi Jónsson	DANS1ML05 DANS2LU05	DANS1ML05 DANS2LU05
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SPÆN1SS05	SPÆN1SS05 SPÆN1SO05
Simon Cramer Larsen	DANS2LB05 DANS1ML05 LOKA3LV05	DANS2LB05 DANS2LU05 LOKA3LV05
Veska Jónsdóttir	ÞÝSK1PO05 ÞÝSK1PS05 ÞÝSK1PT05	ÞÝS1PO05 ÞÝSK1PS05 ÞÝSK1PT05

### Hvað gekk vel á önninni?

Miðað við ástandið gekk vel, það gekk vel að vekja áhuga nemenda sem mættu. Þátttaka nemenda sem mættu var góð. Þeir sem áttu að mæta í lokapróf mættu almennt vel, jafnvel þó annareinkunn væri lág. Vel mætt í „óvænta“ fjarkennslutíma t.d. fyrir páska.

Það gekk vel að fara yfir námsefnið. Það gekk vel að ljúka önninni með sem minnstu falli, miðað við ástandið. Það gekk vel að skipuleggja lengdar kennslustundir með fjölbreytilegum hætti. Margir nemendur mjög samvinnuþýðir og umburðarlyndir. Nemendur sóttu í paravinnu og munnlegar æfingar. Að nota INNU sem sameiginlegt utanumhald.

### Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Erfitt var að skipuleggja hópavinnu til að fara eftir samkomureglum. Nemendur mættu nýta sér INNU betur s.s. að skoða efni og fylgjast með kennslustundum t.d. ef nemendur eru veikir. Nemendur voru lengi að vinna verkefni í lengdum tímum. Verkefni sem hefur verið ein kennslustund varð að tveimur. Lengdir tímar geta skapað ójafnvægi milli hópa t.d. ef dagur fellur niður.

## **Nýjungar í kennsluháttum**

Undirbúningur munnlegsprófs á netinu. Verkefnum sem gerð voru á síðustu önn voru betrum bætt.

### **Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

Námsmati breytt t.d. í hlustun – verkefnamiðað fremur en stórt próf. Nemendur bjuggu til myndbönd þar sem þau töluðu á bandið fremur en að tala fyrir framan kennara gekk vel. Sumir myndu vilja vera með meira símat og minni áherslu á lokapróf en skoða um leið hvernig það mætti vera. Áhugavert gæti verið að fá fyrirlestur frá F-Mos um símatið þar. Símat gekk vel. Vel gekk að skipuleggja stoðdaga.

Nemendur þurfa að fá betri upplýsingar um einkunnarreglu. Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Meiri quizz æfingar/quizzlet, youtube myndbönd, vefsíður, upptökur, powerpoint kennsluhefti, munnlegar æfingar og bók á netinu.

### **Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – hver er reynslan?**

Betrum bætt bók í þýsku hjá Vesku – gekk vel.

Eins kennsluvefur hjá Einari er í þróun og gekk vel. Stoðkennari notaður í dönsku – gekk vel. Ný skáldsaga í dönsku og ný lestrarbók í þýsku. Ný kennsluspil í spænsku og þýsku – gekk vel.

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Nýjar bækur til að skoða hafa verið pantaðar frá Iðnú í dönsku. Veska vill gagnvirkan skjá í þýskustofunni. Aðrir vilja meiri kennslu í virkni hans. Jeopardy quizz í dönsku.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Góð mæting framan af hjá mörgum en fór fallandi, sér í lagi að skila sér eftir hádegishlé. Fjarnemendur voru flestir ánægðir með að koma aftur í staðkennslu. Eðlileg mæting.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Gott að tala við nemendur bæði í hóp og á einstaklingsbasis. Veska hringdi í nemendur og/eða skrifaði tölvupóst til nemenda til að virkja. Nemendur hvattir áfram með tölvupóstum og hringt í þá. Samstarf við námsráðgjafa gekk einnig vel.

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Grímuskyldan, erfiðleikar með að skipuleggja hópavinnu. Vinnuálag við að reyna að sinna nemendum í fjarnámi þó það væri staðnám.



## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Simon: Svefn og sköpunarkraftur

Ingibjörg: Listatúpan og ljósmyndin (endurmenntun HÍ)

Veska: Bíómyndir í tungumálakennslu (á vegum Þýskukennarafél.)

Endurmenntun á vegum FS

## Annað

Gott andrúmsloft milli kennara og stuðningur á erfiðum tímum.

Göngudag vantaði og kór í skólann.



Einyrkjar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Ása Valgerður Einarsdóttir, fagstjóri	HJÚK3ÖH05 LYFJ2LS05 VINN3ÖH08 LÍOL2IL05	HJÚK3FG05 HJÚK3LO03 LIOL2IL05 VINN3GH08
Ásdís Björk Pálmadóttir, fagstjóri	HÁRG1GB02 HÁRG2GB02 HPEM1GB02 HPEM2GB02 HKLI1GB03 IÐNF1GB04 HLIT1GB01 TXHÁ1FH05 UMU1901	HÁRG2GC03 HPEM2GC02 IÐNF2GB04 KLIP2GB03 HKLI2GC03 HLIT2GB02 TXHÁ1FH05 UMU190
Katrín Sigurðardóttir	FATA1SH05 FATA2SH05 HAND2HS05 TXHÁ1FH05	FATA1SH05 FATA2SH05 HAND2HY05 TXHÁ1FH05
Margrét Kristjánsdóttir	MATR1AM05	MATR1AM05
Sigríður Jónatansdóttir	HVJG1VG05 SÝKL2SS05 HJÚK1AG05 SJÚK2MS05	HJÚK2HM05 HJÚK2TV05 SJÚK2GH05 SÝKL2SS05 VINN2LS08

### **Hvað gekk vel á önninni?**

Það gekk sinn vanagang í hári og textil, matreiðslu og málmi þar sem kennsla hélst óbreytt.

Í viðskiptagreinum var fyrst allt í fjarkennslu þar sem þau fengu vinnubækur og unnu í þeim. Svo var staðkennsla.

### **Hvað hefði betur mátt fara á önninni?**

Í málmi stemmdi matartíminn ekki við kennsluáætlunina. Kom ekki að sök í hinum greinunum.

Viðveruskráning og utanumhald í Innu var erfið í fjarkennslunni.

Það þurfa að vera skýrari reglur með sýnileika nemenda í mynd í farkennslu.

Agamál mega vera betri. Nemendur eru oft í of mörgum fjarkennsluáföngum í öðrum skólum.

Það er ekkert utanumhald um slíkt.

### **Nýjungar í kennsluháttum:**

Fjarkennslan. Í hári var LAB nýtt kennslukerfi frá P.P

### **Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

Gagnapróf vegna fjarkennslunnar. Símat-Jafningjamat í hárinu. Það kom ekki vel út í málmi að leyfa þeim að vera með gagnapróf þar sem prófatíminn entist ekki. Nota svindlmiða. Mæting hluti af námsmati og aðrir tóku mætingu út úr námsmati. Það kom gott og slæmt út úr því.

### **Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?**

Ný bók í fjármálum. LAB -kennsluvefur í p.p í hári

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Vera strangari í upphafi og fylgja því eftir. Sníða verkefnin að nýrri stundartöflu í matreiðslu. Standa við gefna tímasetningu í verkefnaskilum. Skoða 3 anna skólaár.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Góð að mestu.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Skrifa í vinnubókina þurfa að skrifa texta.( jákvæð). Duglegir og jákvæðir nemendur

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Breyta veikleikum í styrk ( svote-greining). Hindrun að þurfa kannski að skella í lás aftur það er erfitt í verklegu. Módel vinnan. Í matreiðslu var tekin sérstök stund til að elda og næringareikna þannig að nemendur gætu unnið heima í fjarkennslu ef á þyrfti að halda. Áskorun vegna Covid að kenna í verklegu þar sem nándin er mikil og kennarar handleika verkefni nemenda.

## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Prjónanámskeið-hugur og heilbrigði-svefn og sköpun

Netnámskeið í markaðsmálum

LAB- námskeið(zoom)

2 áfanga í rafvirkjun



**Nemendur í textil sýndu afrakstur vinnu sinnar reglulega á göngum skólans.**

Enska		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Axel Gísli Sigurbjörnsson	ENSK1ET05 ENSK2GA05 ENSK2KO05	ENSK2KO05 ENSK2GA05 ENSK2OS05 STÆR1PA05
Kristjana Hrönn Árnadóttir	ENSK3AO05 ENSK2OS05 ENSK3FO05 LOKA3LV05	ENSK3AO05 ENSK2OS05 ENSK2GA05 LOKA3LV05
John Richard Middleton	ENSK2KO05	ENSK2KO05
Luis Felipe Torres Meza	ENSK2KO05 ENSK3YN05	Ekki á vorönn
Ólöf Hildur Egilsdóttir, fagstjóri	ENSK3AO05 ENSK3FS05 ENSK1OS05	ENSK3AO ENSK2GA05 ENSK3FS05
Veska Jónsdóttir	ENSK1OS05	ENSK1OS05

### Hvað gekk vel á önninni?

- We changed to símat. Worked better than having final exam, took away a lot of stress from the kids. Failure rate dropped; most students passed.
- Richard says he has changed his mind about Inna, he was sceptic at first but likes it much more now.
- Inna works very well with tests.

### Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Standards fell, students didn't try as much.

### Nýjungar í kennsluháttum

We used Inna much more for tests. Even tried having a mixed test where kids got one part on Inna and then a written part.

**Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

We changed from final exam to símat. Worked well because the kids relaxed.

**Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?**

Resorted to using short stories because kids won't read anything longer than eight pages

**Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

We want to try chopping the next semester into bits (lotur) and have each one stand as a grade. Must pass each term.

**Hvernig var mætingin á önninni?**

Attendance was very similar to other semesters. Always these two or three students who quit.

**Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

It was very difficult to get students to be active. They wouldn't talk to each other or to the teacher. Couldn't use board games and such to break the ice.

**Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Lack of communication, distance between students. Couldn't use group work so the focus was more on the teacher.

**Námskeið sem kennarar fóru á skólaárinu**

Inna course

**Annað?**

The semester was very un-typical, it is difficult to base future teachings on it. However, we can learn and will take with us some things such as Inna tests, more assignment hand-ins online.

Framhaldsskólabraut - Starfsbraut		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Ásta Birna Ólafsdóttir, fagstjóri	ÍSLE1KM05 NÁSS1ÁV05 STAR1VI05 LÍFS1BS05 LÍFS1SB05 STAR1VF05 UMU1901	ÍSLE1RM05 FÉLVRM05 STAR1ST04 LÍFS1ES05 SAMFÉL1ÍL03 NÁSS1FN05 UMU1901
Helga Jakobsdóttir	FÉLF1FH10 FJÖL1FF04 LÝÐH1ÍÚ02 GOÐA1ÁS02 STAR1PS05 ÍSLE1TL05 STAR1VF05 UMU1901	SAMFÉL1ÍL03 ÍSLE1BR05 LÍFS1KF05 STAR1VF05 NÁSS1ÁV05 LÝÐH1HR02 FJÖL1FF04 ENSK1Mt05 STAR1OG05 UMU1901
Magnús Einþór Áskelsson	STÆR1GR05 FJÖL1FF04 LÝÐH1ÍÚ02 GOÐA1ÁS02 STAR1PS05 ÍSLE1TL05 STAR1VF05 NÁSS1ÁV05 UMU1901	SAMFÉL1ÍL03 STAR1VF05 NÁSS1ÁV05 LÝÐH1HR02 FJÖL1FF04 ENSK1Mt05 STAR1OG05 UMU1901

Sunna Pétursdóttir	LÍFS1BS05 FJÖL1FF04 LÝÐH1ÍÚ02 SAMS1SS05 STAR1PS05 STAR1VF05 NÁSS1ÁV05 UMU1901	SAMFÉL1ÍL03 LÍFS1KF05 STAR1VF05 NÁSS1ÁV05 LÝÐH1HR02 FJÖL1FF04 STAR1OG05
Telma Rut Eiríksdóttir	ÍSLE1TL05 FJÖL1FF04 LÝÐH1ÍÚ02 SAMS1SS05 STAR1PS05 STAR1VF05 NÁSS1ÁV05 UMU1901	SAMFÉL1ÍL03 ÍSLE1BR05 LÍFS1KF05 STAR1VF05 NÁSS1ÁV05 LÝÐH1HR02 FJÖL1FF04 STAR1OG05 UMU1901
Pórunn Svava Róbertsdóttir	ÍSLE1TL05 FJÖL1FF04 STAR1VF05 LOKA3LV05	ÍSLE1BR05 LÍFS1KF05 STAR1VF05 LOKA3LV05
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1GS05 STÆR1FA05 STÆR1SF05 STÆR1PA05 UMU1901	ENSK1Mt05 UMU1901 STÆR1AR05 STÆR1FB05 STÆR1PA05

Drífa Guðmundsdóttir, Haraldur Jónsson, Helena Guttesen og Sandra Helgadóttir störfuðu sem stuðningsfulltrúar í 100% stöðu.



### **Hvað gekk vel á önninni?**

Gekk vel að fá nemendur til þess að mæta í skólann. Nemendur voru samviskusamir um að nota grímuna. Gekk vel að fylgja kennsluáætlun. Starfsnámið gekk vel þar sem unnið var lausnarmiðað og með breyttu snið. Útskriftarferðin gekk vel og vel gekk að safna fyrir henni. Margir nemendur nýttu sér utanbrautaráfanga og sóttu námsaðstoðar áfangann. Gaman að fá tækifæri til að fara í Akademiuna. Sundferð gekk vel og áhugavert er að skoða hvort við getum boðið upp á sund sem valáfanga á næstu önn.

-Samstarfið gekk mjög vel.

-Starfsmannafundir voru markvissari í gegnum zoom.

-Nemendur aðlöguðust aðstæðum vel á þessum fordæmalausu tímum.

-Fjórskipti áfanginn gekk mjög vel.

-starfsfólk var mjög sveigjanlegt

-Mun betra að hafa símat en ekki próf

-Það var kærkomið að fá vetrarfrí á báðum önnunum eitthvað sem skoða mætt að hafa áfram.

### **Hvað hefði betur mátt fara á önninni?**

Covid. Íþróttatímarnir voru svolítið ruglingslegir, þ.e. innitímar og útitímar. Erfitt þegar íþróttahúsið var lokað.

-Maturinn í mötuneytinu

-Hefði mátt vera styttri tafla hjá mörgum nemendum. Tíminn klukkan eitt til tvö reyndist mörgum ansi erfiður.

### **Nýjungar í kennsluháttum**

Zoom viðtöl í starfsnámi. Í lífsleikni voru nýjungar í kennsluháttum í kynfræðslu. Einkunnarreglan er komin í flesta áfanga.

### **Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

Einkunnarreglan. Byrja snemma á önninni á því að skrá umsagnir. Munnlegt próf kom vel út. Unnið var með jafningjamat og símat. Sleppa lokaprófum, minnkar kvíða og álag í lok annar.

### **Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?**

Í lífsleikni var unnið upp úr bókunum Fávitar eftir Sólborgu Guðbrandsdóttur

Samskipti eftir Pálmar Ragnarsson sem kom mjög vel út. Magnús Áskelsson útbjó enskubók sem kom vel út á önninni. Við fengum nýja ipada á önninni. Áhersla var á samvinnu nemenda í gegnum google docs.

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Þjóða upp á val í sundi. Að umsjónarkennarar taka saman upplýsingar um umsjónanemendur sína og kynni markvisst fyrir starfsmannahópnum.

Sendu hálfsmánaðalegan póst á umsjónarnemendur/forráðamenn. Finna gott form hvernig við framkvæmum þetta. Þetta gefur nemendum og kennurum betri sýn á það sem verið er að gera í skólanum og hvernig gengur. Við gætum kannski nýtt síðustu mínúturnar í fundartímunum til þess að eiga samtál og skrá niður upplýsingar sem sendar verða áfram í tölvupósti til nemenda/aðstandenda. Þurfum að passa lengd stundatöflu í ljósi þess að taflan er að færast lengra fram á daginn (stokkarnir).

-Hollari valkosti í mötuneyti (salatbar).

-Leggja áherslu á félagslíf nemenda (þarf að vinna upp).

-jákvæð breyting að skólinn byrji seinna.

-Stefna á utanlandsferð til Ítalíu.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Mjög góð í ljósi aðstæðna.

-Nemendur eru enn í einhverjum mæli að beita fyrir sér aðstæðunum í þjóðfélaginu (covid og gosið) til að mæta ekki. Sjáum fyrir okkur að það verði betra.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Brjóta upp tímana. Mikil jákvæðni, sveigjanleiki og lausnarmiðuð nálgun.

-Að upplýsa þau og tengja þau við það sem er að gerast í þjóðfélaginu.

-Hlusta á nemendur

-Bera virðingu fyrir þeirra sjónarmiðum

## **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Kennsla í fjölbreyttum nemendahópi. Haldið í FS í ágúst 2020 (Margrét, Sunna og Þórunn)

Leiðsögn nýrra kennara (Margrét, Heiða og Þórunn)

Framhaldsskólakennarinn á krossgötum (Þórunn)

Skólaþróunarhópur innan skólans

Ýmis heilsutengd námskeið (hlaupa og lyftinga).

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Covid og sóttvarnarreglur hindruðu félagsleg samskipti og útilokuðu t.d. samskiptaáfanga/spilaáfangann.

-Að undirbúa kennsluna þannig að hún gæti hæglega breyst yfir í fjarnám.

-Að hafa Covid hangandi yfir sér.

-Skortur á félagslífi nemenda.

## **Annað**

Takk fyrir önnina og vonandi verður næsta önn laus við heimsfaraldur og náttúruhamfarir. Sökum Covid þá höfum við ekki náð að þakka formlega fyrir gjafir frá góðgerðafélagasamtökum, við stefnum á að gera það á næstu önn.

Búa til kynningu fyrir nemendur um útskriftarhúfur og fjölbreytileika þeirra. Fara inn í P. Eyfeld og taka myndir og eiga samtalið við starfsfólkið þar.

Íslenska		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Anna Karlsdóttir	ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 VITA2VT05 LOKA3LV05	ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSAN2BS05 ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 LOKA3LV05	ÍSAN2AB05 ÍSAN2BÓ05 ÍSLE1MR05 ÍSLE2MÆ05 LOKA3LV05
Bryndís Garðarsdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE1ML05 ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 LOKA3LV05 UMU190	ÍSLE1FB05 ÍSAN1BE05 ÍSAN2BS05 ÍSLE2LR05 ÍSLE1MR05 VITA2VT05 LOKA3LV05 UMU190
Ester Þórhallsdóttir	ÍSAN1BE05 ÍSAN2SS05 LOKA3LV05	LOKA3LV05
Hulda Egilsdóttir, fagstjóri	ÍSAN2AB05 ÍSAN3BÓ05 ÍSAN3NB05 ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05	ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05

Lilja Dögg Friðriksdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE2BR05 ÍSLE2LR05 LOKA3LV05 UMU190	ÍSLE2LR05 ÍSLE1FB05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05 UMU190
Þorvaldur Sigurðsson	ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05	ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05

### Hvað gekk vel á önninni?

Allt saman 😊 Staðnámið gekk vel. Fjarnámið gekk vel. Samvinna innan hópsins gekk vel. Samskipti innan hópsins gengu afar vel. Stuðningur við nýja kennara gekk vel að sögn nýju kennaranna.

### Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Ekkert sem var í okkar höndum að breyta eða hafa áhrif á sem hefði mátt fara betur að mati kennara deildarinnar

### Nýjungar í kennsluháttum

Fjarkennsluhættir tóku stöðugum framförum. Aðstæður reyndu töluvert á sköpunarkraft við kennsluhætti, verkefnagerð og námsmat. Kennarar sammála um að þeir hafi lært margt sem nýtast áfram.

### Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Vel: Skapandi verkefnavinna reyndist afar vel og ætlum við að gera meira af slíku. Turnitin er gagnlegt tæki til að veita nemendum aðhald í „heiðarleikanum“. Vera með skýrar reglur í verkefnaskilum er mjög gagnlegt. Hafa tvo stoðdaga var gott og okkur finnst gott að geta stjórnað sjálf hvenær eru stoðdagar.

Illa: Líklega mötum við nemendur of mikið og stundum gekk treglega að fá þau til að standa á eigin fótum og sýna frumkvæði. Við ætlum að vera meðvitaðri um þetta næsta vetur að reyna meira á frumkvæði þeirra og sjálfstæði 😊

### Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Notuðum ýmis smáforrit (öpp) sem við höfum ekki/lítið notað áður með góðum árangri, s.s. Padlet og Podcast.

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Ætlum að vera opin fyrir meiri skapandi vinnu og að nemendur hafi meira val við verkefnagerð. Vera meðvituð um fjölbreytt námsmat. Hafa meiri hópvinnu nú þegar það er hægt á ný 😊  
Stefnum að því að hafa stoðdaga í hverjum mánuði á næstu önn. Langar líka að prófa að hafa sérstaka viðtalstíma fyrir þá nemendur sem ekki finna sig í náminu.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Þokkaleg.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Það er mjög mismunandi milli hópa og einstaklinga. Einstakir kennarar reyndu ýmislegt sem gekk vel: Orð dagsins, Lag vikunnar og stutt myndband í upphafi tímans

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Samkomutakmarkanir. Grímunotkun. Fjarkennsla

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Anna: Þýskar bíómyndir eftir 1990 hjá HÍ

Hulda og Þorvaldur: Ólafs saga helga hjá EHÍ

### **Annað**

Fagfundir og samráðsfundir eru gagnlegastir að okkar mati. Það er algerlega nauðsynlegt að allir kennarar deildarinnar hafi sameiginlegan lausan tíma í stundatöflu 😊

Íþróttir		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Andrés Eyjólfsson	ÍPRF2SS05 LÝÐH1HF05 LÝÐH1ÍÚ02 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HR01	ÍPRÓ1AL01 ÍPRF3LH05 ÍPRG2KÖ04 LÝÐH1HR02 LÝÐH1HF05 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HR01
Gunnar Magnús Jónsson, fagstjóri	ÍPRF2PJ05 ÍPRG2BL05 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1HR01 KARF1AA08 KARF2AA08 KNAT1AA08 KNAT2AA08 LÝÐH1HF05	ÍPRF2SÁ05 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1BO01 LÝÐH1HF05 KNAT2AA08 KARF2AA08
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	ÍPRÓ1AL05 ÍPRÓ1HR01 NÆRI2NN05 LÍOL2SS05 HBFR1HH05	ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1HR01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1GB01 LÍOL2SS05 LÝÐH1HF05 NÆRI2NN05

### Hvað gekk vel á önninni?

Fjarkennsla og staðkennsla, gekk bæði vel; breyttum kennsluáætlun með tilliti til sóttvarnareglna; færðum til námsefni eftir því sem hentaði fyrir fjarkennslu/staðkennslu.

### **Hvað hefði betur mátt fara á önninni?**

Sleppa Covid.

### **Nýjungar í kennsluháttum**

Sjálfsmat

Gönguferð með breyttu sniði v/Covid

Vendikennsla

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Sjálfsmat sem notað var í námsmati virkaði vel, fékk nemendur til að vera virkari/ábyrgari í hópastarfi og voru auk þess gagnrýnni á hvort annað

Aukin rafræn verkefni í gegnum Innu komu vel út; Verkefnin að miklu leyti til komin v/Covid.

Rafræn próf/verkefni voru oft á tíðum opnuð áður en nemendur horfðu t.d. á myndband; kom vel út, nemendur virkari/áhugasamari og einkunnir betri.

Forvarnavika og umferðarvika með óhefðbundnu sniði v/Covid; kom sér mjög illa og það námsefni sem var í staðinn ekki eins skilvirkt.

### **Nýjar kennslubækur – nú kennslugöng – hver er reynslan?**

Engin ný kennslugögn á önninni en ný verkefni og námsefni aðlagað að aðstæðum.

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Væri frábært að geta haft 2 hópa í sama stök; kæmi sér mjög vel til að kennarar gætu unnið nánar saman með hópana t.d. varðandi heimsóknir fyrirlesara.

Langar að skoða betur uppbyggingu kennsluáætlunar og erum með vissar hugmyndir hvernig við getum farið nýjar leiðir til að efla nemendur.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Almennt góð; þeir sem sinna náminu mæta vel. Mikil fylgni á milli miðannarmats og mætingar og lokaeinkunnar.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Með fjölbreyttum kennsluáferðum, jafnvægi í innlögn og verkefnavinnu. Nota kveikjur. Nemendur virðast hafa minna þol en áður í innlagnir. Erfiðara að virkja nemendur með grímur, erfiðara að ná til þeirra.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Covid, grímur og 2 m. reglan. Umferðarvika og forvarnavika með breyttu sniði



### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Kolbrún;

- o Sköpunarkraftur og svefn
- o Framhaldsskólakennarinn á krossgötum
- o Leiðsögn kennara

Andrés

- o Sköpunarkraftur og svefn

Kristjana;

- o Sköpunarkraftur og svefn
- o Leiðsögn kennara

Gunnar;

- o UEFA Pro; nokkrar lotur; kennslufræði, sálfræði, þjálffræði o.fl.

### **Annað**

- Geggjuð jólagjöf frá skólanum

Listir		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Bragi Einarsson	MYND2GM05 MYNL2AT05 MYNL2TA05 UPPL2TU05	MYNL2FF05 MYNL2MA05 MYND2GM05 UPPL2TU05
Íris Jónsdóttir, fagstjóri	SJÓN1LF05 SJÓN1TF05 TEIK1TE05 MYNL3LM05 MYNL3MÁ05	MYNL3PR05 MYNL3TB05 MYNL3LO10 TEIK1TE05 ITEI2GB05
Ingibjörg Böðvarsdóttir	LISA2RA05 LISA1HN05	LISA2RA05

### Hvað gekk vel á önninni?

Mæting almennt góð hjá nemendum.

Nemendur unnu almennt vel og lítið um fall.

### Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Það má alltaf gera betur.

### Nýjungar í kennsluháttum

Já í lokaáfangu unnu nokkrir nemendur lokaverkefni í tölvuteikningu (Íris)

Nemendur fengu stundum að velja sér verkefni (Bragi)

Námsmat

Símat virkar mjög vel í listgreinum og einnig að fá stundum álit hjá samkennurum.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Kennarar útbúa verkefni fyrir nemendur jöfnum höndum og reynslan ágæt. Nemendur í lokaáfangu komu með sína eigin „lpad“ til að vinna/teikna sín verkefni.

### Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Ætlum að endurskoða námsmat, hlutfall t.d. á námsþáttum.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Mæting var yfirleitt góð.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Með „peppi“, spjalli, myndböndum og einstaklings miðuðum verkefnum. Nemendur fengu að velja sín áhugasvið innan markmiðs áfangans.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

„COVID“ þ.e. nándin við nemendur var takmörkuð.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Myndlistarnámskeið hjá Myndl.skóla Kópavogs sl. vetur og stefnt er á að fara á námskeið í sumar. Annars vegar hjá Félagi um upplýsingatækni (Bragi) og hins vegar í FB í stafrænni kennslu í listgreinum (Íris).

### **Annað**

Nemendur eru svolítið lokaðri, oft erfitt að virkja þau í samræðum og tjá sig um ýmis mál, sjálfsgagnrýni (Bragi). Nemendur voru lítið að blanda geði við hvort annað, hafa ekki kynnst mikið yfir veturinn útaf „Covid“?



Málm- og vélstjórnargreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Þorsteinn I. Hjálmarsson	SMÍÐ1VA04 SUÐA1SS05 MLSU1VA03 VÉLS1VA04 STÝR1VA04	MLSU2VB03 VÉLS2VA04 VÉLV3VA04 VÉLS2VB04 MALM1MA05 SMÍÐ1VB04
Þórarinn Ægir Guðmundsson	SUÐA1SS05 RAMV2VA04 RENN2VB03 SMÍÐ1VA04 RAMV1VA04	SUÐA1SS05 RAMV2VA04 SMÍÐ1VB04 MALM1MA05 RAMV2VB04 IÐTE2VB04

Sjá umræðupunkta í (Einyrkjar)



Rafvirkjun		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Björgvin Jónsson	RAFL3RE05 RAST3RB05 STÝR1GA05 RAFL1GA03 RAFL2GC03 RAFG1KY05	RAFG1KY05 RAFL3GD03 STÝR2GB05 RAFL1GB03 LYST3RB05
Garðar Þór Garðarsson, fagstjóri	FRL 203 RAM 702 STÝR3GC05 STÝR1GA05 FRLA3RA05 RAFM1GA05 RAFM3RE05 RAFL1GA03	FRLA3RB05 STÝR3RD05 RAFM2GB05 RAFM3RF05 TNTÆ2GB05 RAFL1GB03
Hlynur Heimisson	RAFM1GA05 TNTÆ3GC05 VGRT1GA03 VGRT2GC04 RATM2GA05 VGRT2GC04	VGRT2GB03 VSME2GR05 RAFM2GB05 RAFM3GDF05 TNTÆ2GB05 RLTK2RB05
Sverrir Gunnarsson	RAFM2GC05 VSM-2036 STÝR1GA05 VGRT1GA03 RLTK3RB05 RRVV2RA03	VGRT2GB03 RATM2GB05 RRVV2RB03 RAFG1KY05 RLTK2RB05 STÝR2GB05
Hildur Skúladóttir	TNTÆ1GA05	TNTÆ2GB05

**Hvað gekk vel á önninni?**

Kennsla var með hefðbundum hætti.

**Hvað hefði betur mátt fara á önninni?**

Hefði mátt vera færri nemendur í hópum á haustönn.

**Nýjungar í kennsluháttum**

Snertiskjár tekinn í notkun

**Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

Símat, sleppikerfi/lokapróf. Námsmat gekk vel, aðferðir við námsmat misjafnt eftir áföngum.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Uppfærð hefti á rafbók, reynsla af rafbók góð.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Eib-Rafmennt. Ábyrgð byggingastjórnun-Löggilding hönnuða. Rafiðnfræði-ýmis námskeið

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Kaupa kapalkefli í stað kapalrúlla svo hægt sé að nota nýja kapalrekkann. Stofubreytingar fyrir rafvélar og raflagnir.

**Hvernig var mætingin á önninni?**

Almennt var mætingin góð.

**Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Stofupláss miðað við hópastærðir fyrir rafvélar

Raungreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Ásgeir Ólafur Pétursson	EÐLI2AF05	EÐLI2AF05 EÐLI3RS05 STJÖ2AL05
Ester Þórhallsdóttir	JARÐ2AJ05 UMHV1NU05	JARÐ2AJ05 EFNA2LM05 UMHV1NU05
Guðmundur Grétar Karlsson	EFNA2LM05 EFNA2GE05 EFNA3RA05	EFNA2LM05 EFNA2GE05 EFNA3RA05 LOKA3LV05
Harpa Kristín Einarsdóttir	SNAT1NÁ05 LÍFF2LE05 LÍFF3VF05 UMHV1NU05 RÉVÍ2KR05	LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 LÍFF3LÍ05 LOKA3LV05 UMHV1NU05 UMU190
Haukur Viðar Ægisson	LÍFF2ML05 UMHV1NU05 LÍFF3LÍ05 LÍFF2LE05	LÍFF2ML05 LÍFF3ER05 LÍFF2LE05

### Hvað gekk vel á önninni?

Gott að fá nemendur inn til að kenna

Miðapróf (svindlmiðapróf) kom vel út. Jarðfræði: Tókst að nýta gosið til að samtvinna inn í námsefnið. Gjóskugreining

### **Hvað hefði betur mátt fara á önninni?**

Erfitt að ná persónulegum samskiptum við nemendur með grímur. Krefjandi nemendur með grímur erfitt. Vantar upplýsingaflæði frá stjórnendum til nemenda að þeirra sögn.

Ákveðinn Covid effect í gangi. Nemendur sumir hverjir eiga erfitt að koma aftur í skólann úr fjarkennslu. Nokkuð af nemendur sem eru að falla aftur og aftur spurning hvort ekki þurfi að fylgjast betur með þeim. Mikilvægt að brýna mætingar á nýrri önn. Covid hefur haft val á verklegum æfingum.

### **Nýjungar í kennsluháttum**

Í jarðfræði var samstarf við skriðusérfræðing varðandi skriður á Seyðisfirði.

Zoom notað til að til sérfræðinga í bekkinn með fyrirlestra

Uppröðun á borðum – Minni samskipti betri agi.

Prufukeyrt nýtt námsefni í Umhverfisfræði

### **Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

Notaðar voru vörður í umhverfisfræði. Lokaskil á verkefnum á ákveðnum vörðum. Lokaverkefni í jarðfræði kemur vel út. Ekki hafa lítil verkefni í lokin, lítil skil – Nemendur forgangsraða verkefnum í lokin. Aukist að nemendur séu að nýta sömu lausnir í verkefnum mögulega Covid effect.

### **Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?**

Prufukeyrt námsefni í Umhverfisfræði. Lítur vel út. Vantar námsefni í líffræði. Efnið þar orðið úrelt. Sérþarfir nemenda ættu að gilda alla önnina

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Mögulegt samstarf milli jarðfræði og vistfræði ef vistfræðin verður kennd.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Ömurleg - Óvenju léleg- Yfirhöfðuð góð en margir sem dattu út. Misjafnt eftir greinum. Léleg mæting í Umhverfisfræði

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Það gekk illa. Nemendur vildu bara leiðinleg verkefni að mati kennara. Spila trivial pursuit kom vel út. Grímur höfðu áhrif á þetta

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Grímunotkun. Andleg og líkamleg fjarlægð. Minna um hópaverkefni. Tímalengd kennslustunda. Halda áætlun. Uppröðun borða.



## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Fjölmening og Jarðskjálftavirkni á Reykjanesskaganum Ester

Heilaheilsa, Hvalir, Hreindýr og Leiðsögn kennara – Harpa

Hlutverk millistjórnenda og mat á skólastarfi - GGK

## Annað?

Takka til að prenta út einkunnir í INNU til að prenta bara út lokaeinkunn. Gott að hafa eigin tölvu. Gott að geta nýtt spurningar í prófabanka saman. Væri gott að geta breytt eða kóperað spurningar í INNU með leyfi höfundar. Geta komið villur í spurningu sem þarf mögulega að laga. Væri gott að fá merkingu á útskriftarnemendur í INNU sem væri auðsjáanlegt.



Samfélagsgreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Anna Rún Jóhannsdóttir	SÁLF3ÞS05 SÁLF2HS05 SÁLF3LÍ05	SÁLF2HS05 SÁLF3SM05 SÁLF3ÞS05
Atli Þorsteinsson	SAGA2HÍ05 SAGA3SM05 FÉLV1IN05 LOKA3LV05	LOKA3VL05 SAGA3ÞV05 FÉLV1IN05 VITA2VT05
Bogi Ragnarsson	FÉLA2ES05 FÉLA3AB05 FÉLA3KS05 FÉLA3HE05 FÉLA3RA05	FÉLA2ES05 FÉLA3AH05 FÉLA3HE05
Björgvin Friðriksson	HEIM2NH05	HEIM2NH05
Dóra Dögg Kristófersdóttir	SÁLF2HS05 MATR1AM05 LOKA3LV05	SÁLF2HS05 KYNJ2KJ05 SÁLF3JS05 LOKA3LV05
Hlynur Ómar Svavarsson	HAGF2ÞF05 HAGF3RF05 VIFR2ST05 VIFR3FF05	VIFR3ÁV05 VIFR3FK05 HAGF2RH05
Kolbrún Marelsdóttir	LÍFS1ES05 LÝÐH1HF05 UMU190	LÝÐH1HF05 LÝÐH1FA05 MATR1AM05 UMU190

Lovísa Larsen	FÉLA2ES05 LOKA3VL05 UPPE2AU05 UPPE3MU05	FÉLA3ST05 FÉLA3KS05 SASK2SS05 UPPE3MU05 UPPE2AU05 LOKA3LV05
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	BÓKF2BF05	BÓKF2BF05

### Hvað gekk vel á önninni?

Samstarfið var gott. Nemendur voru orðnir vanari miðað við síðustu önn og kennarar líka. Hægt að meta hvað kennarar eru að gera sem nemendur kunna vel við. Þær aðferðir sem var verið að nota voru að virka vel.

Áfangarnir sem kenndir voru gengu bara yfirleitt mjög vel.

### Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Hefði verið hægt að byrja fyrr á námsþáttum sem takmarkaðist af því að verið var að læra á nýja námsþætti. Þróunarstarf í kennslu gekk vel en er erfitt. Tveggja tíma kerfið hafði kosti og galla. Kom fyrir að nemendur væru á mismunandi stöðum. Þetta leysist að einhverju leyti þegar þau vinna meira saman í hópum.

Stór hluti nemanda voru ekki tilbúnir í staðnám á nýjan leik. Greinilegt að fjarnámið og allur sveigjanleikinn sem fylgdi því hafði ekki góð áhrif á vinnuframlag nemanda.

### Nýjungar í kennsluháttum

Sumir voru að kenna nýja áfanga. Forrit sem heitir figma. Hópaverkefni þar sem við vorum að vinna með plaggat. Rafræn vinna þar sem allir geta unnið saman. Sameinar fjórðu iðnbyltinguna og námsefnið. Nemendur bjuggu til sína eigin prófbanka sem þau gátu notað við prófalestur. Rafrætur í félagsvísindum voru uppfærðar með myndböndum, beintengingum, heimildavísunum. Einnig er hægt að glósa beint í bækurnar fyrir kennara, nemendur eða alla.

Tilraunir með fjölbreytt verkefnaskil

### Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Fjarnám gekk misjafnlega. Hjá sumum hópum var meðaltalið hærra í fjarnámi en hjá öðrum var það lægra. Virðist vera mismunandi milli kennara. Námsmat fer mikið eftir því hvort verkefnin reyna á þekkingu færni eða leikni. Nemendum finnst erfiðast að vinna verkefni sem reyna á túlkun og rökstuðning. Mismunandi og fjölbreyttar námsmatsaðferðir á milli kennara.

Námsmat hefðbundið því það hefur virkað vel.

### **Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?**

Rafbækurnar sem Bogi var að semja. Svo eru komnar vefbækur frá Iðnú og Forlaginu sem áhugavert er að skoða.

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Væri betra að tengja þessa daga saman við áherslur í haust. Væri betra að hafa fundi betur miðaða við það sem er að gerast á hverjum tíma fyrir sig.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Mætingin var góð í byrjun en dalaði svo en var svo almennt góð.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Léttleika, húmor, fjölbreytni, áhugahvetjandi nálgun í kennsluháttum og fjölbreyttum verkefnum.

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Geta takmarkað verið í hópavinnu. Afpersónugerving (e. deindividuation) vegna grímunotkunnar. Erfiðara að læra nöfn. Öll samskipti voru góð.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Fjarnám til frambúðar.

Kynjafræði.

Stærðfræði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Ásgeir Ólafur Pétursson	STÆR1AR05	STÆR1AR05
Gísli Freyr Ragnarsson	STÆR1AR05	STÆR1AR05
Guðmundur Ingi Jónsson	STÆR1AR05	STÆR1AR05
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆR2VH05 STÆR3HI05 STÆR3FT05 STÆR3SS05 STÆR3DF05	STÆR3AF05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR4GS05
Haukur Viðar Ægisson		STÆR2AR05
Inga Lilja Eiríksdóttir, fagstjóri	STÆR2AR05 STÆR2TL05 STÆR2AH05 STÆR1PA05 STÆR2VH05 LOKA3LV05	STÆR2AR05 STÆR2AH05 STÆR2VH05 STÆR2TL05 LOKA3LV05
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1PA05 STÆR1FA05	STÆR1PA05 STÆR1AR05 STÆR1FB05
Ragnheiður Gunnarsdóttir	STÆR2AH05 STÆR3DF05	STÆR2AH05 STÆR3DF05
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR1AR05 STÆR1FA05 STÆR2TL05 STÆR3ÁT05	STÆR1FB05 STÆR2TL05 STÆR3ÁT05

### **Hvað gekk vel á önninni?**

Þeir nemendur sem höfðu áhuga nýttu sér vel aðstoðina sem var í boði og nemendur voru vinnusamir í tímum.

### **Hvað hefði betur mátt fara á önninni?**

Það var erfiðara að virkja nemendur en áður. Lítið um svör og umræður þegar þau voru með grímurnar og allir sátu einir. Það var erfiðara að fá þau til þess að æfa sig heima og læra fyrir próf.

### **Nýjungar í kennsluháttum**

Nýttum kennslumyndbönd sem ítarefni og nemendur gátu nýtt sér þau ef þau misstu af tíma.

### **Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

Við erum með bland af lokaprófi og sleppikerfi, okkur finnst það virka vel.

### **Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?**

Engar nýjar kennslubækur á þessari önn.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Ný bók í STÆR3HI05. Erum að skoða breytingar á formúlublöðum.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Yfir höfuð var mætingin góð. Eitthvað um að nemendur voru að gefast upp og hætta að mæta.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Almennt voru þau að vinna vel, virkaði oftast vel að hafa gulrót, þau megi fara eða í pásu eftir x mörg dæmi

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Stokkataflan ☹ Óvissan við Covid ástandið var líka erfið. Nemendur reyndu mikið að fá að gera verkefni og próf heima þrátt fyrir staðkennslu.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Þjóðbjörg: Fjölbreyttur nemendahópur í ágúst 2020, námskeið um leiðsögn kennara og sköpunarkraftur og svefn.

Inga: Fjölbreyttur nemendahópur í ágúst 2020 og námskeið um leiðsögn kennara.

Trésmíði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Bjarki Ásgeirsson	HÚSA1KY05 TRÉS1HV08 TRÉS1HVÁ05	TRÉS1VT08 TRÉS1VT08 SVH1024 HÚB1024 ÁGS1024 FRVV1FB05
Björn Sturlaugsson	BYGG2ST05 EFRÆ1EF05 TEIK2HS05 EFRÆ1EF05 HÚSA3HU09 HÚSA3ÞÚ09	INN2HH05 TRS102 LHÚ108 TEIK2HH05 INRE2HH08 TEH303 TRS1024 GLÚT2HH08
Gunnar Baldvin Valdimarsson, fagstjóri	HÚSA3HU09 HÚSA3ÞÚ09 TRÉS1VÁ05 HÚSA1KY05 UMU	LHÚ 104 TRS 102 ÁGS 102 TST 101 GLÚT2HH08 INRE2HH08 INN2HH05 HÚSA1KY05
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	GRTEI1FF05 GRTEI1FÚ05 IÐTE1VB04	GRTEI1FF05 GRTEI1FÚ05

### **Hvað gekk vel á önninni?**

Heilt yfir gekk vel á önninni.

### **Hvað hefði betur mátt fara á önninni?**

Að vera með tvo hópa saman í 121 er ekki ákjósanlegt hægir á öllu, og myndast erill og álag. Ef vel ætti að vera bekkjarsalur og tækjasalur! Myndi laga mikið hafa 114 sem bekkjasal. Færa grunnteikninguna í aðra stofu 202. Framkvæmdir við 114 og það að vera á vergangi (ekki með fasta stofu) hafði áhrif á utanumhaldið. Svolítið um brottfall fyrsta árs nemenda. Hversu mikið vita þeir um hússasmiðina þegar þeir koma?

### **Nýjungar í kennsluháttum:**

Öll verkefnaskil á innu grunnteikningu með einkunnareglu, gefið fyrir jafn óðum, í hverri viku, virkaði vel!

### **Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?**

Grunnteikning öll verkefnaskil á innu með einkunnareglu, gefið fyrir jafn óðum virkaði vel! Námsmatið eins það er lagt upp í kennsluáætlun er virka. Erum sátt við námsmatið. Höfum prófað jafningjamat og það hefur verið verið í samræmi við mat kennara.

### **Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – hver er reynslan?**

Í framkvæmdum og vinnuvernd er ný bók sem er bæði rafræn og á pappír.

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Við viljum stækka húsnæðið hvernig sem það verður gert. Ekki vera með tvo hópa/bekki saman í 121 hægir á öllu, og myndast erill og álag. Ef vel ætti að vera bekkjarsalur og tækjasalur!

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Heilt yfir þökkaleg, en með undantekningu. Nemendur á almennri braut sem voru með verri mætingu.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

ÖSKRA Á ÞÁ! .....djók, vildu kanna hvort þið væruð að fylgjast með. Verkefnamiðaðir tímar, klára verkefnin!

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Framkvæmdir við 114 og það að vera á vergangi (ekki með fasta stofu) hafði áhrif á utanumhaldið. Covid setti strik í reikning. Lengd tímanna, nemendur höfðu ekki gott úthald í bóklegu.



## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Endurbygging gamalla húsa (Bjarki)

Hljóðvist í húsum (Bjarki)

Trérennismíði (Bjarki)

Timburhús 1 og 2 (Bjarki)

Gluggaísetning (Bjarki)

Leiðsögn kennara (Sólveig)

Arkitektúr á Íslandi í 300 ár (Gunnar)



Tölvufræðigreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Björgvin Friðriksson	UPPL1FA05 LINU2GR05 FORR2PH05 FORR2RO05	UPPL2TU05(FN) VEF3HÖ05 FORR3PH05 LINU2KE05
Gísli Ragnarsson	FORR2GF05 VFOR2PH05 VEFH2HÖ05 VFOR2HK05 FORR2LE05 – Grunnskóli UMU109	VFOR2GR05 FORR2GD05 FORR2LE05 VFOR3NO05 FORR2LE05 – Grunnskóli UMU109
Rósa Guðmundsdóttir, fagstjóri	VITA2VT05 UPPL1FA05 TÖTÆ1GR05 LOKA3LV05	VITA2VT05 UPPL2TU05 (FN) TÖTÆ2FR05 LOKA3LV05

### Hvað gekk vel á önninni?

Fjarnám í byrjun annarinnar gekk vel í þeim áföngum sem voru í fjarkennslu.

### Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Frábært að hafa kennslubók/efni í róbótafræði. Skortur á kennsluefni í sumum áföngum. Minna Covid og engin grímuskylda.

### Nýjungar í kennsluháttum

Fjarkennsla í gegnum Innu, fjarkennsla samkvæmt stundaskrá. Snjallskjái í tölvustofum hjálpa mikið til við kennslu. Notast var aðeins við Socratic sem virkaði mjög vel. Keppni milli nemenda í ákveðnum verkefnum.

### Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Covid breytti námsmatinu í sumum áföngum. Virkar vel að hafa stoðtíma á miðri önn til að fá nemendur til að klára verkefni. Nemendur oft að biðja um að skila verkefnum löngu eftir skilafrest. Virkaði vel að lækka einkunn fyrir sein skil til að pressa á að skila á réttum tíma.

### Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Nýtt námsefni af netinu. Nýtt námsefni frá Cisco. Ný bók í Illustrator sem virkaði mjög vel.

### **Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?**

Kenna staðnámi. Gera forritun að skyldu valáfanga á félagsvísindabraut og er að skylduáfangi á raunvísindabraut. Nemendur tala um að þeir hefðu viljað byrja fyrr í forritun þegar þeir hafa tekið hann sem val á síðustu önninni sinni.

### **Hvernig var mætingin á önninni?**

Mætingin var mjög fín í flestum áföngum, var döpur mæting í STÆR1AR05.

### **Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?**

Með gulrótum. Verkefnavinna og leyfa nemendum að fara þegar þau hafa klárað verkefni, þá fara nemendur oftast á fullt.

### **Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?**

Covid. Erfitt að virkja nemendur til að taka þátt í umræðum og fleira í tímum. Eins og nemendur væru ennþá bakvið tölvuskjáinn.

### **Námskeið sem kennarar fóru á skólaárinu**

Björgvin: Rafmennt – Raspberry Pi. Adobe Illustrator námskeið.

Rósa: Framhaldsskólakennarinn á krossgötum.

Gísli: Unity Online Course.

### **Annað**

Gleðilegt sumar, þetta er búinn að vera geggjaður vetur og hlökkum til næsta skólaárs og þið eruð búnir að standa ykkur mjög vel.

### 8.3. Námstjórar

Starf námstjóra var litað af Covid-ástandi. Starfsmannafundir og allir stærri fundir voru rafrænir. Utanaðkomandi erindi voru oftast rafræn en það fór eftir fjöldatakmörkunum hverju sinni. Það var ánægjulegt að geta endað þetta skýtna skólaár með sóknardögum þar sem allir voru á staðnum sem endaði með grillveislu og skemmtilegu erindi. Hluti starfsmanna fóru svo í vel heppnaða vorferð um Suðurlandið þar sem gist var á Hótel Vík í góðu yfirlæti.

Í október 2020 fóru námstjórar á námskeiðið: Breytt starfsmannasamtöl hjá Endurmenntun H.Í en þar var fjallað um stutt þematengd starfsmannaviðtöl.

Námstjórar þakka fyrir lærdómsríkt og gefandi skólaár.

Tekið saman af:

Guðmundur Grétar Karlsson

Katrín Sigurðardóttir

Rósa Guðmundsdóttir

Þórunn Svava Róbertsdóttir





## 9. Skýrsla bókasafns

### 9.1. Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m<sup>2</sup> húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og þá býr safnið yfir 40 fartölvum sem eru lánaðar í kennslustundir. Fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Guðrún Einarsdóttir bókaforstjóri. Guðmann var í leyfi á skólaárinu en Magdalena Brzozowska var í hlutastarfi í afleysingum.

### 9.2. Skólaárið 2020-2021

Opnunartími bókasafnsins er mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls er safnið því opið 39 tíma í viku. Covid-19 hafði áhrif á starfsemi safnsins á skólaárinu enda voru nemendur mismikið í skólanum og einnig var starfið með breyttu sniði vegna smitvarna og breyttra kennsluaðferða. Opnunartími og þjónusta safnið tók því breytingum eftir því sem skipulag skólustarfsins breyttist.

Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

### 9.3. Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2020- 2021	Safnkostur	Aðföng 2020-2021	
Bækur	33	16.654	Keypt	30
Myndefni	0	1.147	Aðsent	1
Hljóðefni	0	247	Gjafir	2
Hljóðbækur	0	69	Kennslubækur	0
Annað	0	11		
Afskrifað: 0				
<b>Samtals</b>	<b>33</b>	<b>18.128</b>		

#### Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	0	500 Raunvísindi	1
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	0	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	4
200 Trúarbrögð	1	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	3
300 Samfélagsfræðigreinar	4	800 Bókmenntir	14
400 Tungumál	1	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	5

**Tímaritaáskriftir: 30**

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

#### 9.4. Útlán

Heimlán: 368

Millisafnalán: 4

Lán innan safns/skóla: 7.220 (haustönn 2.372, vorönn 4.848)

Guðmann Kristþórsson, forstöðumaður bókasafns, tók saman.



## 10. Skýrsla námsráðgjafa

### 10.1. Inngangur

Á skólaárinu voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna Magnúsdóttir var í 100% stöðu, Sunna Gunnarsdóttir var í 86,25% stöðu og Sesselja Bogadóttir í 83,75% stöðu. Nemendafjöldi í dagskóla á haustönn 2020 var 905, nemendur í seinnipartsnámi voru 21 og 90 grunnskólanemendur. Á vorönn 2021 voru nemendur 1005 og 120 grunnskólanemendur.

### 10.2. Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hefur haldið utan um greiningar og sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með dyslexíugreiningar í upphafi beggja anna. Guðrún Jóna var tengiliður Netsins sem er samstarfsverkefni FS og Grindavíkurbæjar á skólaárinu og hún á sæti í áfallateymi skólans.

Sunna hafði umsjón með fornámshópum á báðum önnum og tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna var tengiliður Heilsueflandi framhaldsskóla.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2020 með breyttu sniði vegna Covid-19. Sesselja hélt utan um námstækninámskeið á vorönn. Sesselja var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni FS og Sandgerðisbæjar á skólaárinu. Sesselja hélt utan um skiptinemann sem var einn á skólaárinu.

Allir námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Engar kynningar voru fyrir 9. bekkina á svæðinu á skólaárinu vegna Covid-19. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Allir námsráðgjafar tóku viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum framhaldsskólabrautum. Auk þess hafa námsráðgjafar haft samband við nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Á haustönn 2020 fengu allir námsráðgjafar hver sinn hóp af nemendum sem voru á framhaldsskólabraut. Þessir nemendur voru í áfanganum Nemandinn og skólinn eða NEMO og voru námsráðgjafar umsjónarkennarar þessara áfanga. Áfanginn var tvisvar sinnum í viku og gaf nemendum eina einingu sitthvora önnina. Farið var í ýmis hagnýt atriði í áfanganum eins og kynningu á skólakerfinu, sálfræðingum skólans, námstækni, prófkviða, sjálfsstyrkingu, samfélagsmiðla og fleira sem tengist námi og líðan nemenda. Á vorönn 2021 var sama fyrirkomulag og hver námsráðgjafi með sinn umsjónarhóp í NEMO.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða. Í ár var tekin sú ákvörðun að hafa prófkvíðan einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa og voru einir.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsgöðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

### 10.3. Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á heimasíðu skólans, á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil. Nemendur sem hafa stundað nám í skólanum leita til námsráðgjafa meðal annars varðandi val á fjarnámsáföngum í öðrum skólum.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.



#### 10.4. Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar að höfðu samráði við nemendur, ásamt því að koma öllum greiningum ásamt skjalastjóra í Gopro. Allar upplýsingar er varða nemendur á að varðveita í Gopro. Námsráðgjafar hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika ef nemendur óska eftir því. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hvernar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Á haustönn 2020 voru 174 greiningar vegna lesblindu, 100 greiningar vegna ADHD og ADD og þrjár vegna stærðfræðiblindu. Á vorönn 2021 voru 148 greiningar vegna lesblindu, 88 greiningar vegna ADHD og ADD fimm vegna stærðfræðiblindu. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á og að höfðu samráði við nemendur.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hóp. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það. Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu). Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Á haustönn 2020 voru 57 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2021 voru 35 nemendur sem sóttu sérúrræði í prófum. Fækkun umsókna um sérúrræði á vorönn má eflaust rekja til breytinga í námsmati.

Á skólaárinu var boðið uppá sálfræðipjónustu við skólann þar sem tveir sálfræðingar höfðu fasta viðveru í skólanum þriðjudaga og fimmtudaga. Bókanir fóru fram í gegnum heimasíðu FS. Þessi þjónusta var vel nýtt allan veturinn.

### **10.5. Fornám**

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Haustið 2020 byrjuðu 36 nemendur í fornámi. Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur. Vegna Covid-19 var ekki haldinn foreldrafundur á vorönn.

### **10.6. Starfsbraut**

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

### **10.7. Foreldrasamstarf**

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans. Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Rafrænn fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt, sáu stjórnendur alfarið um þennan fund vegna Covid-19

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

### **10.8. Námskeið og fagfundir**

Vegna Covid-19 voru fundir og námskeið eingöngu rafræn.

### **10.9. Fundir innan FS**

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

### **10.10. Skólaheimsóknir**

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á vorönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað. Vegna Covid-19 höfðum við ekki tækifæri á að bjóða nemendum í 9. bekk grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS.

### **10.11. Námskynningar**

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins rafrænt. Vegna Covid-19 var minna um kynningar þetta skólaárið. Í mars var haldin námskynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum í sal skólans.

### **10.12. Töflubreytingar og fleiri störf**

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

### **10.13. Skólastarf á tímum Covid-19**

Á haustönn var mikil röskun á skólastarfi. Samkomubann skall á önninni og færðist allt skólastarf í fjarkennslu. Námsráðgjafar unnu heima og í skólanum til skiptis. Samskipti við nemendur voru í gegnum síma, tölvupóst og Teams.

#### **10.14. Aðrir samstarfsaðilar**

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

BUGL- Barna- og unglingsdeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Hljóðbókasafnið

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinnumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Námsráðgjafar úr FSu og FVA

Formaður framhaldsskólakennara Guðjón Hreinn Hauksson

## 11. Skýrsla forvarnafulltrúa

### Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Skólaárið 2019-2020 var að mörgu leyti frábrugðið öðrum skólaárum og þá sérstaklega vegna Covid19 sem setti mark sitt á skólastarf seinni hluta skólaársins. Haustönn 2019 gekk vel fyrir sig en þá voru haldin tvö skólaböll og voru þau bæði haldin í Stapa, Reykjanesbæ. Nýnemaball var haldið í september og síðan var þemaball haldið í nóvember. Á vorönn 2020 var haldið eitt ball í febrúar. Eins og undanfarin ár þá gátu nemendur blásið í áfengismæli við komuna á böllin og þannig komist í edrúpott. Við lok skólaárs hefur verið venja að draga úr nöfnum þeirra sem hafa blásið á þremur böllum eða fleiri en þar sem engar skemmtanir voru haldnar á vegum skólans frá mars 2020 og til loka skólaársins þá var ekki dregið úr þessum potti. Meginástæðan þess að ekki var dregið var sú að frekar fáir höfuð blásið í öll þrjú skiptin sem böll voru haldin á skólaárinu.

Forvarnafulltrúi vinnur náið með félagslífsfulltrúa á böllum og njóta þeir aðstoðar lögreglu. Á öllum böllum eru líka nokkrir kennarar, útskriftarnemar eða nemar sem eiga lítið eftir í sínu námi og síðan er einnig samið við dyravarðafyrirtæki. Samvinna þessara aðila er mjög góð og hafa þeir það allir það markmið að sjá til þess að allt fari vel fram. Forvarnafulltrúi sér síðan um að hringja heim ef sækja þarf nemendur undir 18 ára aldri. Verði nemendur uppvísir að ölvun þá eru þeir settir í bann á næsta balli á eftir auk þess að fá tiltal hjá forvarnafulltrúa. Ef nemendur hafa náð 18 ára aldri þá er það hlutverk forvarnafulltrúa og annarra starfsmanna að sjá til þess að þeir komist heim.

### Tóbaksnotkun

Forvarnafulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar/rafsígarettunotkunar. Á þessu skólaári þurfti forvarnafulltrúi í raun að hafa afskipti af mjög fáum nemendum vegna tóbaksnotkunar. Örfáir nemendur reykja venjulegar sígarettur og svo virðist sem þeim nota rafsígarettur eða munntóbak hafi fækkað mikið milli ára.. Allir sem staðnir eru að því að veipa innanhúss eða verða uppvísir að notkun munntóbaks fá á sig athugasemd í Innu og ef um ítrekuð brot er að ræða þá er hringt heim ef um nemanda undir 18 ára er að ræða en rætt beint við nemendur sem eru eldri en 18 ára.

### Samtakahópurinn

Forvarnafulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundirnir voru haldnir utan Fjölbrautaskólans á ýmsum tímum en yfirleitt þó þannig að það var illmögulegt fyrir forvarnafulltrúa að mæta vegna kennslu.

Forvarnafulltrúi sækir þá fyrirlestra sem í boði eru þ.e. þegar hann hefur tækifæri til.

## Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi FS er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnarfulltrúi, tók saman.



## 12. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa er að vera stjórnarmeðlimum nemendafélags skólans innan handar varðandi ýmsar ákvarðanatökur, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala og hafa milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Félagslífsfulltrúi fundaði með nemendafélaginu tvisvar í viku; einu sinni með aðalstjórn og einu sinni með miðstjórn. Fundað var í hádeginu til að ná til sem flestra stjórnar- og nefndarmeðlima þar sem fólk átti erfitt með að hittast eftir skóla.

Samkomubann vegna Covid-19 hafði mikil áhrif á störf nemendafélagsins á skólaárinu. Ekki tókst að halda nein böll þetta árið. Lítið var hægt að gera á haustönn enda skólinn að mestu lokaður. Þó var haldin útvarpsvika í nóvember og gjafaleikur þar sem meðlimir NFS gátu unnið til veglegra vinninga. Einnig var í desember haldið pubquiz á Zoom þar sem landsfrægir skemmtikraftar stjórnðu spurningaleik fyrir þátttakendur.

Vorönn var örlítið líflegri. Enn gætti mikilla áhrifa frá covid-faraldrinum og því þurft að sníða skemmtanir eftir því. Í janúar voru haldnir bílatónleikar við Stapann en þar komu meðal annars fram Bubbi Morthens, Auður og Jón Jónsson. Nemendur söfnuðust á bílastæðið fyrir framan Stapann, sátu í bílum sínum og horfðu á tónleikana á stórum skjá og hlustuðu í útvarpinu. Vel var mætt og mikil stemning sem myndaðist.

Nemendur tóku þátt í Gettu betur þetta árið en dattu út í annarri umferð. Ekki var keppt í Morfís í þetta skiptið.

Í febrúar var haldin Valentínusarvika en þá gátu nemendur keypt rósir og sent hver öðrum. Í byrjun mars var haldin góðgerðarvika. Ýmsir viðburðir voru haldnir alla vikuna og safnaðist þó nokkuð mikið fé sem notað var til að styrkja nemanda skólans en hann stóð í baráttu við krabbamein.

Í apríl voru haldnir svokallaðir Skjálftatónleikar í Stapanum. Þar komu fram frægir tónlistamenn sem skemmtu áhorfendum fram eftir kvöldi. Að lokum má nefna streymistónleika sem haldnir voru í samstarfi við Víkurfréttir en um það bil 5000 streymi voru af þeim.

Undir lok skólaársins voru haldnar kosningar fyrir nýja stjórn nemendafélagsins. Kosningarnar fóru fram með breyttu sniði frá því sem venja er. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að stilla upp kjörstað og stefna þannig nemendum saman í stóra hópa. Þess í stað var haft samráð við kennara skólans um að koma með kjörstaði inn í kennslustofur. Kjörstjórn fór því milli stofa og nemendur fengnir til að kjósa þar.

Kosið var í eftirfarandi embætti:

Formaður

Framkvæmdastjóri

Gjaldkeri

Formaður skemmtinefndar

Formaður auglýsinganefndar

Varaformaður, markaðstjóri, formaður Hnísunnar og formaður ritnefndar voru sjálfkjörnir enda aðeins einn í framboði fyrir hvert embætti. Einnig voru kosnir meðlimir í auglýsinganefnd, Hnísuna, markaðsnefnd, ritnefnd og skemmtinefnd.

Kristjana Hrönn Árnadóttir, félagslífsfulltrúi, tók saman.



## 13. Skýrsla sálfræðinga

### 13.1. Inngangur

Hér gefur að líta samantekt á lykiltölum sálfræðipjónustu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir skólaárið 2019/2020. Samantekt þessari er ætlað að veita innsýn í starfsemi þjónustunnar á liðnu skólaári sem var óhefðbundið að mörgu leyti vegna komu kórónuveirunnar. Fordæmalausir tímar buðu upp á tækifæri til að stíga ný skref í sálfræðipjónustu FS til að aðlaga hana að breyttum aðstæðum og leggja áfram áherslu á gott aðgengi nemenda að þjónustunni. Sálfræðipjónustan lærði heilmikið á fyrrnefndu tímabili sem mun nýtast í áframhaldandi þróun þjónustunnar. Þetta er fjórða árið þar sem unnið er samkvæmt þjónustusamningi um aðkeypta sálfræðipjónustu frá fræðsluviði Reykjanesbæjar.

Sálfræðipjónustunni hefur verið vel tekið af nemendum og starfsfólki skólans. Nemendur hafa verið duglegir að leita eftir þjónustu sálfræðinga, þar sem mikill meirihluti nemenda greina frá því að þeir óski eftir þjónustunni að eigin frumkvæði. Þar var ekkert lát á þrátt fyrir takmarkanir tengt samkomubanni og sóttvörnum. Lykiltölur sálfræðipjónustunnar síðustu fjögur ár gefa til kynna að rík þörf sé fyrir sálfræðipjónustu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á síðustu fjórum skólaárum hafa um 200 nemendur fengið fasta viðtalstíma hjá sálfræðingi, þar sem hver nemandi hefur fengið að jafnaði 2-6 viðtöl. Að auki hefur fjöldi nemenda nýtt sér opna viðtalstíma sem standa öllum nemendum til boða. Í samkomubanni vorsins 2020 færðist sálfræðipjónustan úr formi staðviðtala í form fjarviðtala í síma eða með notkun fjarfundaforrits. Því var vel tekið af meirihluta nemenda og óskuðu þau alfarið eftir símaviðtölum. Sínaviðtölin reyndust vel, þau buðu upp á aukinn sveigjanleika varðandi tímasetningu viðtala og nýttu nemendur viðtölin vel. Þá var það upplifun sálfræðipjónustunnar að dregið hafi úr forföllum í viðtöl á meðan samkomutakmörkunum stóð. Sá aukni sveigjanleiki sem símaviðtöl gáfu varðandi tíma- og staðsetningu viðtala virðast því hafa gefið góða raun. Því verður nemendum boðið að velja á milli fjar- eða staðviðtala skólaárið 2020-21.

Líkt og síðustu skólaár hefur þjónustubörf nemenda verið ólík en sálfræðipjónusta FS mætti þörf meirihluta nemenda. Enn og aftur er meirihluti þeirra sem sækja um þjónustuna yngri en 18 ára sem undirstrikar mikilvægi þess að sálfræðipjónusta sé áfram aðgengileg fyrir þennan aldurshóp.

Samantekið er það mat undirritaðra að vel hafi tekist til fyrstu fjögur ár sálfræðipjónustu Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Gleðilegt er hversu margir nemendur hafa nýtt sér þjónustuna á síðastliðnum fjórum skólaárum og horfa undirrituð björtum augum á áframhaldi sálfræðipjónustu við nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja.


### 13.2. Skipulag þjónustu

Sálfræðingar á vegum fræðsluviðs Reykjanesbæjar veita nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Þá getur starfsfólk skólans og foreldrar nemenda einnig óskað eftir ráðgjöf í tengslum við nemendur skólans. Þjónustan við nemendur felst í einstaklingsviðtölum, þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf, fræðslu og stuðning auk þess að þörf fyrir frekari þjónustu er metin (sbr. aðkomu annarra heilbrigðisstarfsmanna). Tilgangur þjónustunnar er að stuðla að almennri velferð nemenda og veita þeim stuðning við að fá viðeigandi aðstoð sé þess þörf.

Sálfræðingur frá fræðsluviði Reykjanesbæjar var með fasta viðveru í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á þriðjudögum og miðvikudögum á önninni. Nemendum skólans stendur til boða að panta viðtalstíma hjá sálfræðingi eða mæta í opinn tíma. Opnir tímar eru stutt ráðgjafarviðtöl þar sem miðað er við að viðtalið taki um 10-15 mínútur og þarf ekki að bóka tíma fyrir fram. Bókaðir viðtalstímar eru yfirleitt 25-45 mínútur, þar sem nemandi og sálfræðingur setja sameiginleg markmið til að vinna að. Til að óska eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi skila nemendur inn sérstöku upplýsingablaði, fá staðfestingu á móttöku þess og fá úthlutaðan viðtalstíma.


### 13.3. Lykiltölur

Á skólaárinu 2019/2020 óskuðu alls 48 nemendur eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi. Þá voru opnir viðtalstímar vel nýttir, en um 50 einstaklingar leituðu í opna viðtalstíma fram að samkomubanni. Kynjahlutfall þeirra sem sóttu föst viðtöl var nokkuð jafnt, en 56% viðtalsbeiðna komu frá stúlkum. Þá bárust flestar beiðnir um viðtöl frá nemendum sem fæddir eru árin 2002 og 2003 (sjá mynd 1).




Mynd 1. Aldursdreifing nemenda sem óskuðu eftir föstum viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans á skólaárinu 2019/2020.

Flestar viðtalsbeiðnir bárust í upphafi hvers misseris, þ.e. september, október og janúar (sjá mynd 2). Á skólaárinu var öllum nemendum sem sendu inn viðtalsbeiðni boðnir fastir viðtalstímar. Alls fengu 48 nemendur viðtalstíma á skólaárinu og var biðtími eftir viðtali frá fáeinum dögum til fáeinna vikna. Fjöldi viðtala var misjafn hjá þeim nemendum sem komu í fasta viðtalstíma en flestir nemendurnir nýttu tvö til sex viðtöl.



Mynd 2. Fjöldi og staða viðtalsbeiðna eftir mánuði móttöku.

Á upplýsingablaði sem nemendur fylltu út voru þeir beðnir um að gera grein fyrir ástæðu þess að þeir óskuðu eftir sálfræðiþjónustu (sjá mynd 3). Með því að skoða yfirlit yfir helstu ástæðu komu er hægt fá innsýn í upplifun nemenda á af hverju þeir vildu fá viðtöl hjá sálfræðingi. Meirihluti nemenda greindu frá hamlandi kvíða sem helstu ástæðu komu eða alls 56%. Um 13% nemenda greindu frá depurð/vanlíðan sem helstu ástæðu komu. Einnig greindu nemendur frá vanda sem tengdist streitu, erfiðleikum í námi, endurtekinni frestun og lágu sjálfsmati (31%). Það er mat sálfræðings að ástæður komu gátu verið fleiri eða aðrar en þær sem gefnar voru upp á upplýsingarblaði. Þjónustupörf þeirra nemenda sem óskuðu eftir viðtölum á skólaárinu var misjöfn þegar litið er til stöðu þeirra, hamlandi áhrifa vandans á daglegt líf og hversu lengi vandinn hefur staðið yfir. Fyrir meirihluta nemenda var þjónustupörf mætt að fullu með sálfræðiþjónustu FS. Aðrir höfðu þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðiþjónustunni. Þar má nefna þörf fyrir aðkomu lækna, sálfræðimeðferð eða þjónustu heilbrigðisstofnana (sbr. BUGL, LSH og HSS).



Mynd 3. Yfirlit yfir helstu ástæðu komu.

Á upplýsingablaði sem nemendur skiluðu inn voru þeir einnig beðnir um að gera grein fyrir því hver óskaði eftir þjónustu fyrir nemandann, þar sem hægt var að velja eitt eða fleiri af eftirfarandi; nemandinn sjálfur, foreldri/forráðamaður eða starfsmaður skólans. Þegar ofangreindar upplýsingar voru teknar saman kom fram að um 90% nemenda greindu frá því að þeir óskuðu sjálfir eftir þjónustunni. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að starfsmenn skólans, einkum náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu nemendur oft við að óska eftir viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans.

Fyrir hönd skólaþjónustu fræðsluviðs,  
Einar Trausti Einarsson  
Hulda Einarsdóttir

